

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/918
komudagur 29.1.2014

Garðabæ, 29. janúar 2014

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari
Netfang: nefndasvid@althingi.is

Erindi: 211. mál til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu.

Stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar ásamt öðrum skógræktarfélögum í landinu barst tillagan til umsagnar frá nefndasviði Alþingis þann 16. janúar 2014.

Stjórn félagsins fagnar framkominni þingsályktun og telur hana í megindráttum vera til framdráttar íslenskri skógrækt.

Fjórum liðum tillögunar er veitt umsögn félagsins.

- a. Ein megin forsenda þess að hægt sé að stunda arðsama skógrækt á Íslandi er að efla rannsóknir.
- b. Nauðsynlegt er að efla stjórnsýslustofnun skógræktar og landgræðslu. Heiti þeirrar stofnunar þarf að vera lýsandi fyrir starfseminu líkt og tíðkast í nágrannalöndum.
- c. Nauðsynlegt er að setja ný lög í samræmi við nýja tilskipun og breytingar sem orðið hafa í umhverfi skógræktar og landgræðslu undanfarin ár og áratugi þ.e. ein lög yfir alla skógrækt og landgræðslu.
- d. Við mótun starfsumhverfis með rammaáætlun til eflingar skógræktar má ekki undanskilja þátt skógræktarfélaganna í að efla skógrækt í landinu, víða í samstarfi við sveitarfélög.

Með skógræktarkveðjum
F.h. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður
netfang: bil@internet.is